


Samþykkt þann
31 JULI 2007
Byggingfulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurbjartur Halldórsson

## LOFTRÆST ÁLKLÆÐNING

**ALMENNT:**
Klæða skal alla útveggi hússins með ál-klæðningu. Klæðningin skal vera 2,00 mm þykk álklæðning, seltuþolin með efnasamsetningunni AlMg3 (3% magnesíum). Klæðningin skal standast allar kröfur skv. Byggingarreglugerð og íslenskum staðli ÍST DS 419:1984.
Álplöturnar skulu vera litaðar frá verksmiðju með PVDF2 Kynar 500 í hlutföllunum 80/20 húð sem ysta vörn, bakhlið plananna skal vera með hlífðarlakki. Plöturnar sem notaðar eru ofaná vatnsbretti og neðsta plöturöð á veggjarklæðningu, skal vera með hljóðvörn á bakhlið.
**Allt efni og uppsettning skal vera skv. samþykktum teikningum, sérteikningum og samkv. fyrirmælum framleiðenda og verkkaupa.**

**VERKÞÆTTIR**
**1.** Mæla út flötinn og deila niður álleiðurum skv. teikningum og í fullu samráði við eftirlitsmann.
**2.** Því næst eru veggfestingar Wagner-System konsole 120 mm festir á veggin með 8x75 mm heitgalvaníseruðum múrboltum. Setja skal pappa undir alla veggfestingarnar til að slíta veggfestingar frá steinsteypu. Veggfestingar eru festir upp með millibili sem gefið er upp á sérteikningu verkfræðinga.
**3.** Húsið verður einangrað að utan með þar til gerðri 50 mm steinullar einangrun sem festist við steinvegg með múrfestingum. Milli einangrunar og klæðningar skal vera loftræst loftbil min 20 mm.
Að lokinni einangrun útveggja skal koma fyrir álleiðurum undir lóðrétt plötusamskeyti og á miðjusvæði platna. Vanda skal sérstaklega alla afréttingu á leiðurum og skal frávik á 3 m réttskeið hvergi vera meira en +/- 1,00 mm. Álleiðararnir eru festir við veggfestingarnar með ryðfríum borskrúfum 4,2x19 mm. Gæta skal að allri hreyfingu á álgrindinni. Á hvern leiðara er ein veggfestingin sett föst þ.a. skrúfur eru festar í hringlaga göt en allar aðrar veggfestingar eru skrúfur settar í ílöngu götin þ.a. grindin geti hreyfst í allar áttir. L-leiðararnir 60/40/2 sem koma undir plöturnar eru festir í veggfestingarnar þ.a. þeir mynda U. Brýnt er að hafa átak á múrboltann sem best og minnst á grindinni. Varðandi festingar á leiðurum vísast í sérteikningar.
**4.** Plöturnar skal mæla út og klippa og beygja í viðurkenndri blikksmiðju. Plöturnar skal festa upp með sérstökum álhnoðum (Bulp-Tite W4) skv. Fyrirmælum framleiðanda og skv. Teikningum. Gæta skal að nota rétta stærð af borum þegar borað er fyrir hnoðunum < 7,00 mm. Við borun skal jafnan notast við gott skapalón, þannig að öll göt séu í beinni línu og í jafnri fjarlægð frá útbrún plötu. Við alla uppsetningarvinnu skal gæta fyllstu nákvæmni, notast við hjálparleiðara eftir þörfum og gæta þess að bil milli platna sé jafnt. Fjöldi festinga og niðurdeiling þeirra skal vera skv. sérteikningum.
**5.** Undir lórétt plötuskil eru notaðir T-álleiðarar 80/50/2. Undir fúguna milli platna skal setja litaða álþynnu í sama lit og klæðningin skv. Sérteikninum.
**6.** Frágangur við glugga, kanta, þakbrún, sökkul o.s.frv. skal vera skv. sérteikningum. Lögð skal áhersla á að loftun sé allstaðar óhindruð. Yfir öll festihnoð skal setja plasthettur í sama lit og klæðningin. Hvað varðar önnur atriði í sambandi við meðferð , geymslu og svo framvegis á klæðningarplötunum og undirgrind skal fara í hvívetna eftir fyrirmælum framleiðenda.
Vegna hættu á tæringu skal hindra alla snertingu áls við blauta steypu eða aðra málma. Gæta skal sérstaklega að því að allt efni og allar festingar séu þannig, að ekki sé um spennumun að ræða milli efna. Allt efnisval og allur frágangur skal miða að því að hvergi komi til tæringar.

**Öll mál skal sannreyna á staðnum áður en framkvæmdir hefjast.**

# Miðvangur 57, 220 Hafnarfirði

Séruppdrættir, klæðning á húsi.
Útlit, langhlið norður og skýringar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Mkv.** | 1:50 | **Teikn. nr.** | 2.01 |
| **Dags.** | 26. júní 2007 | **Breytt dags.** | |

*Guðmundur Jónsson*
*byggingafræðingur BFÍ*
*kt. 041260-4839*
*Breiðvangi 5, 220 Hf.*
*s. 565 5508-664 5636*
*gud.jons@simnet.is.*

Undirskrift